

## **Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa**

Úrskurður uppkveðinn 29. ágúst 2022 í máli nr. 23/2022

Kæruneftndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

### **I**

#### **Aðild og kröfugerð**

Þann 7. mars 2022 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða henni 21.330 krónur.

### **II**

#### **Málsmeðferð hjá kæruneftndinni**

Með tölvubréfi, dags. 8. apríl 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi dags. 7. júlí 2022. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru, auk kvörtunar, staðfesting á greiðslu til varnaraðila og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila.

Með bréfi, dags. 23. ágúst 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### **III**

#### **Málsatvik og ágreiningsefni**

Í gögnum máls kemur fram að þann 29. júlí 2021 keypti sóknaraðili tvær peysur af gerðinni [...] í vefverslun varnaraðila og greiddi 21.330 krónur fyrir. Að sögn sóknaraðila hafi hún enn ekki fengið peysurnar afhentar. Voru aðilar í nokkrum samskiptum í gegnum bæði tölvupóst og samskiptamiðlinn Instagram í kjölfar kaupanna. Svör varnaraðila við fyrirspurnum sóknaraðila um afhendingu peysanna voru jafnan á þann veg að þær yrðu afhentar sóknaraðila innan skamms. Þann 19. desember 2021 óskaði sóknaraðili eftir endurgreiðslu kaupverðs og féllst varnaraðila á það með skilaboðum 6. janúar 2022. Sóknaraðili ítrekaði ósk sína um endurgreiðslu í febrúar 2022. Kveður sóknaraðili að endurgreiðsla hafi enn ekki borist. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi síðan hætt að svara skilaboðum sóknaraðila og lokað fyrir tölvupóst sinn. Krefst sóknaraðili fullrar endurgreiðslu kaupverðs úr hendi varnaraðila.

### **IV**

#### **Niðurstaða**

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum

eða gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili festi kaup á tveimur peysum af gerðinni [...] í vefverslun varnaraðila þann 29. júlí 2021 fyrir 21.330 krónur. Að sögn sóknaraðila hefur varnaraðili enn ekki afhent henni hinar keyptu vörur. Með tölvupósti þann 19. desember 2021 óskaði sóknaraðili eftir endurgreiðslu kaupverðs en líta verður svo á að sóknaraðili hafi þann dag rift kaupunum.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Aðilar kröfuréttarsambands geta í samræmi við þá meginreglu krafist þess að samningur verði efndur í samræmi við efni hans. Þá er fjallað um úrræði neytanda vegna afhendingardráttar seljanda í neytendakaupum í V. kafla laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl). Í málinu liggur fyrir að samningur um kaup á umræddum peysum komst á þann 29. júlí 2021 með greiðslu sóknaraðila að fjárhæð 21.330 krónur til varnaraðila. Af málsgögnum má ráða að enn hefur ekki orðið af efndum varnaraðila þrátt fyrir ítrekaðar óskir sóknaraðila þess efnis. Ekkert liggur fyrir um það að varnaraðila sé ófært að afhenda þær vörur sem um var samið. Í ljósi verulegra vanefnda varnaraðila verður fallist á það með sóknaraðila að hún geti rift samningnum og krafist endurgreiðslu úr hendi varnaraðilar, sbr. 1. mgr. 23. gr. nkpl. Ber varnaraðila því að endurgreiða sóknaraðila 21.330 krónur.

## V

### Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, greiði sóknaraðila, X, 21.330 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

---

Víðir Smári Petersen  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson